



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 18. júní 2019
USK2019060027

Innkauparáð

Kaup á skiptiborðum vegna ungbarnadeilda.

Óskað er eftir að innkauparáð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í samkeppnisviðræður eða samkeppnisútböð á grundvelli 23. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar vegna kaupa á skiptiborðum fyrir nýjar ungbarnadeildir á leikskólum. Áætluð upphæð samningskaupa er um 8 mkr. með virðisaukaskatti.

Greinargerð:

Verið er að breyta einstökum deildum á 6 eldri leikskólum í ungbarnadeildir til að koma til móts við breyttar þarfir og nýtingu skólanna. Vegna þessa þarf meðal annars að fjölga skiptiborðum og endurgera snyrtingar inni á deildum m.t.t. ungbarna. Vegna plássleysis er í samráði við notendur lagt til að kaupa rafdrifin skiptiborð. Þannig borð eru talin henta best vegna þess að þau er fyrirferðarlítill og hægt er að koma þeim haganlega fyrir inni á snyrtingunum.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds